



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) 468. mál.

Í nýju riti SA *Skattstofnar atvinnulífsins – Ræktun eða rányrkja* eru settar fram og rökstuddar tillögur um nauðsynlegar breytingar á íslenska skattkerfinu þannig að það verði skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs og hvetji til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu og nýrra starfa og þar með stækki skattstofnana. Hjálögð umsögn byggir á þeim tillögum. Varðandi nánari rökstuðning fyrir tillögum er vísað til umfjöllunar í fyrrnefndu riti SA.

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lagður verði 14% virðisaukaskattur á útleigu hótél- og gistiherbergja og aðra gistiþjónustu í stað 7%. Breytingin taki gildi frá og með 1. maí 2013.

SA leggja til að í stað þess að taka upp nýtt þrep virðisaukaskatts þá verði lægra þrepið verði hækkað í áföngum næstu árin, t.d. um 2% árlega. Þessi hækkun verði nýtt til að fjármagna lækkun úreltra vörugjalda og lækka hærra þrepið. Þá telja SA mikilvægt að fyrirtækjum sé gefinn eðlilegur aðlögunartími að breytingum á skattalögum sem að lágmarki ætti að vera eitt ár. Í tilviki ferðaðþjónustunnar er þó rök fyrir lengri aðlögunartíma þar sem samningar um verð eru í mörgum tilvikum gerðir enn lengra fram í tímann.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs. Á árinu 2012 eru tekjur ríkissjóðs af VSK áætlaðar tæpir 143 ma.kr. af 480 ma.kr. skatttekjum, eða 30%. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum. Virðisaukaskattur og breytingar á honum henta hins vegar afar illa til jöfnunar lífskjara.

Rannsóknir Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna sýna að það fyrirkomulag að hafa matvörur og fleiri vörur í lægra þrepi virðisaukaskatts hafi óveruleg áhrif til tekjujöfnunar. Þótt lágtekjuheimili verji heldur hærra hlutfalli tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en hátekjuheimili þá rennur stærri hluti þeirrar krónutölu sem felst í mismun almenna og lægra þrepsins til hátekjuheimila.

Í 2. gr. frv. er lagt til að heimild til endurgreiðslu 100% þess virðisaukaskatts sem byggjendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað og eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess verði framlengd til 1. janúar 2014, en að óbreyttu hefði það runnið út um áramót. Átakið *Allir vinna* sem stjórnvöld hafa staðið að í samstarfi við samtök í atvinnulífinu ýtir undir að viðhaldsverkefni af þessu tagi séu uppi á borðinu en átak til að stemma stigu við svartri vinnu er eitt af sameiginlegum hagsmunamálum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Það er samdóma álit þeirra sem að átakanu standa að vel hafi tekist til um markmið þess og Samtök atvinnulífsins hvetja til þess að halda því óbreyttu.



Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að atvinnuþryggingagjald verði lækkað úr 2,45% í 2,05%. Jafnframt er lagt til að almennt tryggingagjald verði hækkað úr 4,99% í 5,29%.

SA mótmæla harðlega hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,3%. Hún þrengir svigrúm fyrirtækja til að hækka laun þann 1. febrúar í samræmi við kjarasamninga og gengur þvert á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011.

Ákvæði frumvarpsins um lækkun atvinnuþryggingagjalds er í samræmi við áður nefnda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Gjaldið mætti þó lækka enn frekar þar sem tekjur sjóðsins áætlaðar 18,6 ma.kr. en gjöldin 17,1 ma.kr. og því 1,4 ma.kr. afgangur áætlaður á næsta ári auk þess sem góð sjóðsstaða gefur tilefni til enn frekari lækkunar.

Breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt

Skv. 4. gr. er ákvæði 8. tl. 4 gr. tekjuskattslaga um skattskyldu vaxtatekna aðila (afdráttarskattur) með takmarkaða skattskyldu felld niður. Þessi breyting er í samræmi við fyrirheit í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí um endurskoðun þessarar skattlagningar og fagna Samtök atvinnulífsins tillögunni. Breytingin er í samræmi við viðtekna framkvæmd í öðrum ríkjum en skattlagningin hefur fyrst og fremst verið borin af innlendum aðilum auk þess að torvelda skuldabréfaútgáfu fyrirtækja og banka á erlendum markaði.

Í 4.-8. gr. er hagnaður af afleiðuvíðskiptum, þó ekki vaxtaskiptasamningum, skilgreindur sem söluhagnaður, í stað fjármagnstekna, og fellur þar með ekki undir staðgreiðslu. Þessar breytingar eru í samræmi við áður nefnda yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 í tengslum við kjarasamninga. SA fagna breytingunum en með þeim er verið hvetja til uppbyggingar markaðar með þessar fjármálagjöfninga og auka skilvirkni skattkerfisins.

Í 14. gr. er tímabundið ákvæði um heimild til lækkunar tekjuskatts útsendra starfsmanna sem vinna erlendis lengur en sex mánuði. Heimildin gildir þó ekki gagnvart ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við og Ísland hefur skattlagningarréttinn. Ákvæðið er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2012 í tengslum við kjarasamninga.

Breyting á lögum nr. 165/2011, um fjársýsluskatt

SA leggja gegn ákvæði 15. gr. frumvarpsins um hækka skatthlutfall almenna fjársýsluskattsins úr 5,45% í 6,75%. Skattur á rekstrarkostnað fjármálafyrirtækja í stað skattlagningar á hagnað eykur áhættu í rekstri þeirra og stuðlar ekki að auknum fjármálastöðugleika eins og stefnt er að. Þá er hækkun skatthlutfallsins á skjön við samkomulag sem náðist við fjármálafyrirtæki við afgreiðslu málsins haustið 2011. Hækkun skattsins veikir stöðu minni fyrirtækja, sem búa við hátt launahlutfall, og getur dregið úr samkeppni á fjármálamarkaði.

Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta

SA fagna því að kolefnisgjald skuli felld niður af þotu- og flugvélaeldsneyti. Þar með er fallið frá tvísköttun á innanlandsflug og þeim tvíverknáði sem fólst í því að innheimta gjaldið af millilandaflugi og síðan endurgreiða það. Hins vegar leggja SA til að fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta verði tekið til endurskoðunar. Við það verði miðað að ekki sé á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda.



Það hefur legið fyrir um nokkra hríð að fyrirkomulag orku- og auðlindaskatta yrði tekið til endurskoðunar þegar fyrir lægi útfærsla á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hér á landi. Við það yrði miðað að ekki væri á sama tíma verið að skattleggja aðföng og losun gróðurhúsalofttegunda.

Með tilskipun nr. 2008/101 voru allar flugsamgöngur felldar undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS) og frá næstu áramótum munu orkufrekur iðnaður, fiskimjölsverksmiðjur og steinullarverksmiðjan falla undir sama kerfi. Ríkissjóður Íslands mun öðlast sinn skerf í sölu sameiginlegra losunarheimilda sem boðnar verða upp á evrópska efnahagssvæðinu.

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella niður helming þeirrar niðurfellingar vörugjalda á bílaleigubifreiðar sem gilt hafa frá árinu 2000. Sú niðurfelling gerði bílaleigum kleift að endurnýja flota sinn og fjölga bílaleigubílum yfir háannatímamann sem standa ónotaðir yfir vetrarmánuði. Áhrif lækkunarinnar voru þau að leiguverð á bílaleigubílum lækkaði og eftirspurn jókst.

SA leggja til að fallið verði frá áformum um hækkun vörugjalds á bílaleigubíla, enda miklar líkur til þess að hækkunin valdi fremur tekjutapi fyrir ríkissjóð.

Áhrif boðaðra breytinga á vörugjöldum eru þau að innkaupsverð bílaleigubíla hækkar um 8,7% að meðaltali og meðalútleiguverð verður að hækka að jafnaði um 13,5% allt árið. Líklega munu tekjur ríkissjóðs dragast saman þegar heildaráhrif af breytingunni eru metin.

Bílaleigubílar eru mjög mikilvægir við að dreifa ferðamönnum sem jafnast um allt landið. Vegna aukins framboðs bílaleigubíla og samkeppnishæfrar verðlagningar hefur ferðamönnum sem ferðast á eigin vegum fjölgað mjög mikið.

Verðlagsuppfærsla einstakra skatta og gjalda

SA vekja athygli á að auknar álögur á neysluvörur, áfengi, matvöru, orku, tóbak o.fl. hækkar neysluvöruvísitöluna og þar með skuldir heimilanna. Skattahækkanir á neysluvörur koma niður á útgjöldum heimilanna og síðan kemur annar reikningur fyrir hærri verðtryggðum lánnum. Hér er því um tvöfaldar álögur á heimilin að ræða.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

